Árið 1960. 10. júní var settur og haldinn aðalfundur Hestamanna-félagsins „Glaðs."

1. Form. Baldvin Þórarinsson setti fundinn og stjórnaði honum.
Bauð hann í upphafi fundar-ins fundarmenn velkomna og bað þvínæst gjaldkera félagsins Gísla Þorsteinsson, Geirshlíð um að lesa upp reikninga s.l. árs.

Reikningar félagsins báru með sér að fjárhagur félagsins stendur sæmilega. Eignir eru metnar á 22.468,57 kr.

Reikningunum ásamt fylgi-skjölum lá frammi ~~á~~ fundinum endurskoðaður af Friðjóni Sigurðssyni í Bæ.

Þessu næst var reikningurinn

farinn undir atkvæði og
samþykktur í einu hljóði.
2. Formaður skýrði frá því að
hann hefði ekki getað haft
samband við Pál Sigurðsson í
Varmahlíð á þessu vori. Mæltist
form. til þess að fundurinn
samþykkti að folinn yrði
settur á hestasýningu á
Vesjubakka á þessu sumri og sam-
þykktu fundarmenn það.
3 Fundarmenn samþykktu að fela
stjórninni að selja graðhestinn,
ef hann fengi ekki góða dóma
á sýningunni eða ráðstafa
honum á annan hátt.
Jafnframt var stjórninni
heimilað að kaupa annan
graðhest, ef henni líkaði ekki

þessi.
4. Ákveðið var að halda skemmtun 1. sunnudag í júlí
5. Alberti á Egilsstöðum og Ágústi í Kirkjuskógi falið að sjá um viðgerð á öllum girðingunum kringum hes-eldda og skeiðvöll.
6. Kosnir til að sjá um dansinn á skemmtuninni Gunnar Jósefsson Ketilsstöðum, Magnús Kr. frá Þórgn-, Guðmundur Hóli og Jón á Saurstöðum
7. Kosnir til að sjá um hestana í girðingunni Guðbjörn Hamri og Guðmundur Gilsbakka.
8. Jóni Ólafssyni Þankárbakka falið að sjá um merkjasölu að skemmtuninni og með honum Þórði Kjartansson, Karl Smiðhóli, Hjörtur Vífilsdal og Óskar Svínhóli.

9. Til að selja nesti að dansinum Jónas Benediktsson og Pálmi Snóksdal

10. Samþykkt að hafa sama fyrirkomulag á skemmtuninni og var á síðasta ári.

11. Kosinn til að ræsa hestana Jón Jósefsson og til vara Gunnar Jósefsson

12. Kosnir í dómnefnd, Gísli í Geirshlíð, Hjörtur í Álftatröðum og Albert á Kópsstöðum.

13. Endurskoðendur kosnir Friðfinnur í Bæ og Pálmi í Snóksdal.

14. Kosnir í stjórn þeir sömu og síðastliðið ár og varamenn þeir sömu.

15. Á s.l. ári gengu í félagið

Eyjólfur Jónsson Lambastöðum og Ólafur Pálmason Engihlíð og á þessu ári Eggert Ólafsson Kvennabrekku. Voru þeir samþ. í einu hljóði.

Fleira ekki tekið fyrir
Upplesið og samþykkt.

Eggert Ólafsson